



**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni
105 Reykjavík**

Reykjavík, 9. nóvember 2023

Efni: Lengri opnunartími á kaffistofu Samhjálpar, Borgartúni 1a, 1. desember 2023 - 29. febrúar 2024.

Fyrirkomulag

Lengd opnun verður á kaffistofu Samhjálpar frá kl. 14-16:30 alla daga í desember 2023, janúar og febrúar 2024. Starfsfólk þarf þó að vera lengur til að ganga fram og vaktstjóri þarf eftir atvikum að vera til kl. 17:30 eða á meðan þrífteymi lýkur við sína vinnu.

Seinni parts vaktir verða skipaðar teymi fjögurra hverju sinni, ásamt því sem þrífteymi þarf nú að koma í lok dags. Tveir vaktstjórar skipta með sér vöktum og er annar þeirra ábyrgur fyrir teyminu hverju sinni. Tvískipt teymi sér auk þess um skráningar, áfyllingar á veitingar og kaffi ásamt uppvaski og frágangi. Þrífteymi sem mætir venjulega kl. 13:30 mun koma kl. 16 og vera til kl. 17:30.

Ætlunin er að bjóða kaffi, mjólk, djús, heita súpu og brauðmeti ásamt meðlæti á lengdum opnunartíma. Auk þess er hugmyndin sú að bjóða eitthvað til dægrastyttingar fyrir gesti kaffistofunnar á þessum tíma, svo sem eins og kvikmyndasýningar og vonandi tónlistaratriði á aðventunni. Þetta er þó gert án endurgjalds.

Áætlaður kostnaður

Beinn kostnaður við lengri opnun	Hver mánuður	Heildarkostnaður
Hiti og rafmagn	46.978 kr	140.938 kr
Laun og launatengd gjöld 1,9 stöðugildi	1.219.580 kr	3.658.739 kr
Kaffi og veitingar	207.698 kr	623.094 kr
Þjálfun starfsfólks, m.a. skyndihjálp	58.769 kr	176.306 kr
Starfsauglýsing		55.000 kr
Umsýslukostnaður	155.122 kr	465.366 kr
Samtals kostnaður	1.688.147 kr	5.119.443 kr



Útskýringar

Kostnaður við hita og rafmagn miðast aðeins við þær klukkustundir sem um ræðir.

Ráða þarf aukafólk en eftir mikla yfirlegu og ítarlega útreikninga með það í huga að halda kostnaði í lágmarki, sjáum við að 1,9 stöðugildi nægja okkur til að hafa opið lengur. Að öðru leyti munum við nýta okkur að færa til starfsfólk og breyta vöktum þeirra sem fyrir eru.

Í launaútreikningum er gert ráð fyrir stórhátíðardögum í desember og janúar, en eins og kunnugt er, þarf nú að greiða 165% álag fyrir vinnu eftir kl. 16 á stórhátíðardögum skv. nýjustu kjarasamningum.

Gert er ráð fyrir að þjálfa þurfi nýtt starfsfólk í skyndihjálpi, m.a. í notkun Narcan, svo tryggja megi betur öryggi gesta.

Kostnaði við kaffi og veitingar ásamt umsýslukostnaði er haldið í algjöru lágmarki.

Mælanleiki á árangri

Talning og skráning gesta mun fara fram daglega. Þetta er mikilvægt svo mæla megi notkun og greina frá kyngreindum tölulegum upplýsingum um þá sem nýta munu þjónustuna.

Jafnframt verður gerð þjónustukönnun meðal notenda einu sinni í mánuði á þessu þriggja mánaða tímabili. Þá verður settur upp kassi þar sem notendur geta skrifað á miða og upplýst nafnlaust um ánægju eða komið með umbótatillögur.